

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl, 691. mál.

Þann 20. apríl 2015 óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl, 691. mál. SFÚ telur tilefni til að gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið í heild og telur að ekki eigi að afgreiða það í þeirri mynd, sem það birtist. Óásættanlegt er að aflahlutdeildum sé úthlutað til sex ára í senn og að óheimilt sé að fella þær úr gildi með minna en sex ára fyrirvara, líkt og kveðið er á um í 3. gr. Þá er skipting tímabundinna aflaheimilda, skv. 4. gr. frumvarpsins ranglát og tekur á engan hátt tillit til þess hvernig verðmætasköpun háttar í tengslum við makrílveiðar. Þá tekur frumvarpið ekki á nokkurn hátt á því stóra og mikilvæga viðfangsefni að tryggja þjóðinni fullt endurgjald fyrir aðgang að sameign þjóðarinnar. Gerð verður grein fyrir þessum athugasemdum hér að neðan.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins mælir fyrir um úthlutun aflahlutdeilda. Í c-lið ákvæðisins er lagt til að 5% aflahlutdeildar verði úthlutað til fiskiskipa sem tilgreind eru í a-lið, enda hafi makrílafli þeirra á almanaksárunum 2009 og 2010 að hluta eða öllu leyti verið unninn til manneðis, hvort sem sú vinnsla fór fram úti á sjó eða í landi.

Mikil umræða hefur verið um aðferðafræði við úthlutun á aflahlutdeild til makrílveiða í íslenskri lögsögu. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir er einblínt á þá sem veitt hafa makrílinn en ekki er horft til annarra hagsmunaaðila. Að mati SFÚ hefur sú staðreynd gleymst að fiskur selur sig ekki sjálfur og án kaupenda er lítið að gera við veiddan fisk. Framleiðendur og fiskvinnslur hafa unnið mikið markaðsstarf við að finna markaði fyrir makrílinn og þá sérstaklega markaði fyrir makríl til manneðis en mikill munur er á útflutningsverðmæti eftir því hvort makríl er seldur til manneðis eða sem dýrafóður. Framleiðendur hafa tekið mikla áhættu í þessu starfi því þeir hafa keypt makrílinn af útgerðum og sjómönnum og borið alla áhættu varðandi sölu og innheimtu. Framleiðendur og fiskvinnslur hafa því ótvírætt átt stóran þátt í því að veiðar á makríl til manneðis hafa náð að festa sig í sessi.

Líkt og kemur fram í athugasemdum með frumvarpi þessu er auðlindin í hafinu við Ísland þjóðareign. Við úthlutun aflahlutdeildar er verið að útdeila takmörkuðum gæðum og er þessi hlutdeild afar verðmæt þar sem heimilt er að framselja aflahlutdeildir. Með hliðsjón af hinu mikla og mikilvæga starfi sem framleiðendur og fiskvinnslur hafa unnið við að koma makrílafurðum á markað erlendis, og rakið hefur verið hér að framan, er ljóst að þeir aðilar hafa réttmætar væntingar til þess að fá hlutdeild í hinum takmörkuðu gæðum, sem nú stendur til að úthluta. Til þess standa einnig sanngirnirök að allir aðilar sem hafa komið að því að skapa verðmæti úr makrílnum fyrir íslenskt þjóðarþú fái að njóta þess.

SFÚ telur mikilvægt að nýting fiskstofna við Ísland miði ávallt að því að hámarka verðmætasköpun fyrir íslenskt samfélag. Mikill hluti þess makríls sem veiddur hefur verið hér við land á liðnum árum hefur farið til bræðslu en ekki manneldis. Þessi nýting hámarkar ekki verðmætasköpun samfélagsins.

Þar sem makrillinn er nýr stofn hér við land er kjörið tækifæri til að beita nýrri aðferðafræði við úthlutun hans í stað þess að nota sömu nálgun og notuð var þegar kvótakerfinu var komið á fyrir rúmum þrjátíu árum. Aldrei hefur orðið sátt í samfélaginu um að auðlindir þjóðarinnar skyldu afhentar þeim útgerðum sem sýnt gátu fram á veiðireynslu á tilteknu tveggja til þriggja ára tímabili. Þetta ver stórkostloegur gjafagjörningur af hálfu stjórnvalda. Nú leggur ráðherra til að makrílkvóta verði úthlutað á sama hátt. Það er óásættanlegt.

Heilbrigðasta leiðin til að úthluta kvóta, hvort heldur sem um makríl eða aðrar tegundir er að ræða, er að fara útboðsleið, sem tryggir að þeir fá aflaheimildir, sem hæst verð borga. Hátt kvótaverð tryggir líka að útgerðir og vinnslur munu kappkosta að vinna hráefnið til manneldis fremur en í bræðslu. Þannig hvetur útboðsleið til verðmætasköpunar í greininni á meðan gjafaúthlutun ýtir undir sóun.

SFÚ leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.



f.h. Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda